

Kennsluáætlun í formfræði

2025/2026

3. bekkur

Waldorfskólinn Sólstafr

Kennari: Magnea Guðrún Gunnarsdóttir

Kennsla í formteikningu fer fram í 1 lotu á hvorri önn.

Markmið:

Að nemendur

- þjálfist í að þekkja og teikna bogna línu og átti sig á því að þegar tvær bogadregnar línur eru teiknaðar hvor á móti annarri myndist hringur.
- þjálfist í að þekkja og teikna beina línu og geti teiknað beina línu ofan frá og niður, bæði stutta og langa.
- þjálfist í að teikna flóknari form eins og spirál, áttu o.fl.
- læri að þekkja hugtökin lárétt og lóðrétt.
- læri að teikna fimm arma stjörnu án hjálpar.
- læri að gera einföld form í formfræði, speglun og einfalda geometríu.
- æfi sig í að greina mynstur, reglu og tengingar.

Kennsluaðferðir og efni:

Unnið er með léttar æfingar í formteikningu sem er undirstaða fyrir ritun bók- og tölustafa svo og frekara náms í greininni á komandi árum. Beina og bogna línan eru undirstaða alls í formfræðinni. Helstu viðfangsefni eru hringurinn, heill og hálfur, beina línan bæði stutt og löng, bylgjött lína, sikk sakk, spirall og áttan og fleira. Í upphafi er sögð saga þar sem formin koma fyrir. Þau form sem unnið er með hverju sinni, eru teiknuð í loftinu, síðan á töfluna. Nemendur herma og teikna í vinnubækur og leyfa ímyndunaraflinu að leiða þau áfram. Í vettvangsferðum verða nemendur hvattir til að koma auga á ólík form í umhverfinu (náttúrulegu og manngerðu) og skapa listaverk úr fundnum efniviði. Notuð verður bókin Living Lines eftir Henrik Thaulow.

Námsmat:

Virkni, hlustun og þátttaka í tímum.

Vinnubrögð og frágangur.

Samskipti.

Hugmyndaauðgi.